

109

Gjöld.

Kostnaður sjóðsins	1779,00	
Varið til eflingar búnaði	450,00	
Eign til næsta árs	764,95	2993,85

Skrifstofu norður- og austuramtsins, 4. október 1888.

*J. Havsteen.*110
19. nóv.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um greiðslu hafnargjalds og afgreiðslugjalds fyrir skip. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 14. p. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt mjer frá því, að afgreiðslumaður kaupskipsins »Sildin«, 98,85 tons, sem fyrir nokkrum dögum kom hingað frá Brákarpolti og hafði meðferðis þaðan og lagði hjer á land töluvert af íslenzkum vörum, tólg, gærur og kjöttunnur, hafi neitað, nema hann væri til þess skyldaður með landshöfðingjaúrskurði eða dómi, að greiða af nefndu skipi, eptir kröfu yðar, hálfu afgreiðslugjald, kr. 8,25, og hafnargjald, að því fleyti það er bundið við fermingu eða affermingu skips, kr. 9,90. Heldur ofanefndur verzlunarstjóri því fram, að parsem umgetnar vörur hafi verið hafðar á pílvari skipsins hingað frá Brákarpolti, án þess þeirra væri getið á hleðsluskjölum skipsins og parsem lestarúm skipsins alls eigi hafi verið opnuð meðan skipið lá hjer á höfninni, þá verði eigi talið að hjer hafi nein afferming átt sjer stað, er skyldað geti skipið til að greiða afgreiðslugjald eða þann hluta hafnargjalds, er að ofan er nefndur. En þjer hafið, herra bæjarfógeti, beiðzt úrskurðar míns um málefni þetta.

Útaf þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að með því að ofanáminnst skip aðeins virðist hafa affermt hjer nokkuð af innlendri vöru, sem á því var flutt hingað frá annari íslenzkri höfn, þá álit jeg eigi að heimitað verði af því neitt afgreiðslugjald, en um hafnargjald það, er krafizt hefur verið, kr. 9,90, er öðru máli að gegna, parsem enginn greinarmunur er á því gjörður í hafnarreglugjörð Reykjavíkur, hvort varan, sem fermd eða affermd er, er innlend eða útlend, hvort hún er ætluð, eða hvaðan hún kemur, og getur því ofannefnt skip eigi komizt hjá því, að álitu mínu, að greiða það gjald.

Stjórnartíðindin (deildirnar A, B og C) má panta á skrifstofu landshöfðingja og öllum pósthöfðum á landinu. Verð þeirra er 1 kr. árgangurinn, er verður að greiðast fyrirfram um leið og tíðindin eru pöntuð. Eldri árgangar Stjórnartíðindanna, þeir sem enn eru til, kosta heptir 1 kr. 90 a. hver, nema árgangurinn 1874, er kostar 95 aura, og árgangurinn 1886 og 1887, er kostar hver 1 kr. 25 a.

Stjórnartíðindin eru send öllum kauplaust með póstum. Sje eitthvað áfátt við sendinguna, ber viðtakanda, ef hann vill mega búast við leiðrjettingu á því, að skýra þeim, er hann pantar tíðindin hjá, frá vöntuninni með næsta pósti eða fyrstu ferð, sem fellur, eptir að sendingin kom.

Embættismönnum, hreppstjórum, hreppsnefndaroddvitum og póstaafgreiðslumönnum er skylt að halda þeim Stjórnartíðindum, er þeim eru send kauplaust, saman í góðri reglu, og munu þeir að öðrum kosti verða skyldaðir til að útvega tíðindin eptir á, af nýju, á eigin kostnað.